

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (stofnanir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis).

(Eftir 2. umræðu, 14. desember.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Innheimtustofnun sveitarfélaga er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga um heilsufar og fjárhag einstaklinga, félagslega erfiðleika þeirra og atvinnustöðu, upplýsinga um greiðsluskyldu og móttakendur meðlags og annarra upplýsinga sem hinn skráði lætur í té, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu skv. 3. og 5. gr. að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

2. gr.

9. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Skattyfirvöld, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá Íslands, Fangelsismálastofnun, sveitarfélög, launagreiðendur og Lánasjóður íslenskra námsmanna skulu láta Innheimtustofnun sveitarfélaga í té upplýsingar, vegna innheimtu meðlaga, með rafrænum hætti, ef því verður við komið, að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja lögum þessum.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Samgöngustofnu, stjórnsýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgöngustofnu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga um heilsufar og lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, upplýsinga um refsiverða háttsemi og annarra upplýsinga sem hinn skráði lætur í té, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

III. KAFLI

Breyting á lögum um Þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þjóðskrá Íslands er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga um heilsufar og þjóðerni, trúarbrögð og hjúskaparstöðu og annarra upplýsinga sem hinn skráði lætur í té, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

5. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarfélögum er heimil vinnsla persónuupplýsinga sem hinn skráði eða Þjóðskrá skv. 3. gr. lætur í té í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum. Miðlun og vinnsla upplýsinga samkvæmt þessari grein skal fullnægja skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

IV. KAFLI

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

6. gr.

Við 64. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða á um aðgengi og miðlun upplýsinga úr skráum skv. 1. mgr., þar á meðal miðlun upplýsinga um eigendur og umráðamenn ökutækja, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

V. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgöngustofu er heimilt að veita aðgang að og miðla upplýsingum úr aðalskipaskrá og skipaskrá yfir íslensk skip, þar á meðal upplýsingum um eigendur, umráðamenn og útgerðar aðila skipa, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

8. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgöngustofu er heimilt að veita aðgang að og miðla upplýsingum úr loftfaraskrá, þar á meðal upplýsingum um eigendur, umráðamenn og leigjendur loftfara, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, nr. 120/2012, með síðari breytingum.

9. gr.

Við 4. mgr. 4. gr. laganna bætast þrjú nýir málslíðir, svohljóðandi: Vegagerðinni er heimilt að viðhafa rafræna vöktun eða taka myndir með reglulegu millibili á samgöngumannvirkjum í þeim tilgangi að stuðla að auknu samgönguöryggi. Stofnuninni er heimilt að miðla upplýsingum sem þannig er aflað til vegfarenda með rafrænum hætti að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Vegagerðinni er einnig heimilt að miðla

upplýsingum til lögreglu og rannsóknarnefndar samgönguslysa með rafrænum hætti þegar rannsakað er sakamál, mannhvarf eða samgönguslys.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vegagerðinni er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga um fjárhagsstöðu og annarra upplýsinga sem hinn skráði lætur í té, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Pagnarskylda, veiting upplýsinga og persónuvernd.*

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

11. gr.

Við 8. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 139/2012, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Jöfnunarsjóði er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga um fatlanir og þroskaraskanir einstaklinga sem njóta þjónustu sveitarfélaga og um þarfir nemenda sem þurfa á sérfræðiaðstoð að halda í grunnskólum sveitarfélaga, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, með síðari breytingum.

12. gr.

Á eftir 9. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Póst- og fjarskiptastofnun er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þ.e. upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun á málum sem Póst- og fjarskiptastofnun vinnur að samkvæmt lögum þessum, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

X. KAFLI

Breyting á lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018.

13. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þjóðskrá Íslands er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga um heilsufar, þjóðerni, trúarbrögð og hjúskaparstöðu og annarra upplýsinga sem hinn skráði lætur í té, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

14. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fram til 1. janúar 2020 skal lögheimili skráð í tilteknu húsi, við tiltekna götu eða í dreifbýli, sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands og hefur staðfang.

Lög þessi öðlast þegar gildi.